



Blönduósi, 22.12.2023

Matvælaráðuneytið
Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur
á skrifstofu sjávarútvegs

Efni: Húnabyggð – byggðakvóti – sérstök skilyrði

Tilvísun í mál: MAR23110195

Með vísan til 3.gr. reglugerðar nr 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024, þá eru meðfylgjandi tillögur Húnabyggðar um sérreglur:

a) Ákvæði 1. másl. 1.mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem kemur í hlut byggðalags, auk þess aflamarks byggðalagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal *skipta 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, og 25% skal skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju miðað við hlutdeild skipanna 1. sept., 2021.*

b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024 í Blönduós- eða Skagastrandarhöfn.

c) Ákvæði b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð með pósthaf og lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.

d) Ákvæði 1. másl. c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með skráð pósthaf og lögheimili í sveitarfélaginu.

e) Veitt verði undapága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglug., en fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðalaginu, samkv. ákvæði b) hér að ofan. Forsenda þess að sveitarstjórn fer fram á að vinnsluskyldu verði aflétt eru þær að ekki er rekin fiskvinnsla á þessum stöðum, Húnabyggð/Skagaströnd, þrátt fyrir umleitanir og viðræður þar um.

Rökstuðningur, vegna sérstakra skilyrða og breytinga á 1. gr., 4. gr., og 6. gr., reglugerðar.

- Sveitarstjórn Húnabyggðar mótmælir því harðlega að ekki séu veittar auknar veiðiheimildir til sveitarfélagsins. Atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu og á Norðurlandi vestra standa höllum fæti og þessi landshluti á undir högg að sækja. Þrátt fyrir mótmæli á síðasta veiðiári þar sem nágrannasveitarfélög fengu aukningu á sínum byggðarkvóta hefur ekkert gerst hvað Húnabyggð varðar og úthlutun þessa árs er sú sama og

Úthlutun byggðarkvóta til Húnabyggðar



síðast. Húnabyggð skorar á Matvælaráðuneytið að leiðrétta þennan mismun milli sveitarfélaganna samstundis.

- Þar sem hafnaraðstæður eru betri á Skagaströnd, og styttra á miðin, þá hafa útgerðir með lögheimili í Húnabyggð, gert út og landað afla sínum á Skagaströnd, en ekki hefur verið raunveruleg fiskvinnsla í þessum byggðalögum um nokkurra ára skeið.
- Húnabyggð og sveitarfélagið Skagaströnd eru nú talin vera eitt atvinnusóknarsvæði sem eru í umtalsverðu samstarfi, m.a. á sviði atvinnumála og ýmiskonar þjónustu.

Þannig samþykkt á 51. Fundi byggðarráðs Húnabyggðar, undir 3. lið á dagskrá, þriðjudaginn 19. desember 2023, en allar ábendingar um útfærslur í auglýsingu eru vel þegnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Húnabyggðar

Pétur Arason,
Sveitarstjóri